

Tillaga um úttekt á umhverfis- og skipulagssviði

Fulltrúi Viðreisnar í bæjarráði leggur til að fenginn verði óháður aðili til þess að gera úttekt á skipulagi og starfsháttum umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar með áherslu á embætti skipulagsfulltrúa og embætti byggingarfulltrúa.

Tilfni

Sveitarfélög vinna og samþykkja aðalskipulag, deiliskipulag og svæðisskipulag. Þau veita líka byggingarleyfi og framkvæmdarleyfi og hafa eftirlit með framkvæmdum. Það er því rík þörf á faglegum og skilvirkum vinnubrögðum hjá umhverfis og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar, því þar er unnið með allan grunn að bæjarstrúkturum. Skortur á skilvirkni og vönduðum vinnubrögðum getur leitt til tafa við uppbyggingu húsnæðis og leitt af sér skipulagsleg mistök.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur á sinni könnu fjölmarga málaflokka sem allir hafa mikil áhrif á umhverfi og aðbúnað bæjarbúa.



Fullt tilfni er til að skoða sviðið í heild sinni, en svo virðist sem mest aðkallandi sé að ná fram úrbótum varðandi skipulagsvinnu, leyfisveitingar og byggingareftirlit.

Nefna má allmörg dæmi um verkefni að undanförunu, þar sem að líkindum hefði mátt vanda betur til verka:

- Hamraneshverfið. Ekki var hugað að heildarskipulagi svæðisins skv. aðalskipulagi við afgreiðslu á einstökum deiliskipulagstillögum. Afleiðingin varð sú að íbúðafjöldi fór langt fram úr aðalskipulagi og setti allar skipulagsforsendur í uppnám.

- b. Haukahús. Samþykki byggingaráforma fellt úr gildi vegna galla á málsmeðferð.
- c. Mörg töpuð kærurnál að undanförunu t.d. 46/2021 Suðurnesjalína 2, 77/2021 Lækjargata byggingarleyfi, 44/2021 Miðvangur, 108/2021 Selhella, 106/2021 Selvogsgata, 177/2021 Hvaleyrarbraut, 49/2022 Steinhella skilti og 31/2022 Völuskarð.

Að auki má nefna að mörg mál hafa verið afgreidd án tillits til fyrirliggjandi skipulagslýsinga, rammaskipulags, annarra skipulagsáætlana, fyrirliggjandi innviða og samgöngusáttmála. Til dæmis er ekki séð fyrir endann á því hvernig fer með afdrif Hraun-Vestur sem 5 mín hverfis vegna stórkostlegs fráviks frá upphaflegum hugmyndum. Þá er mjög vandséð að markmið samgöngusáttmála fyrir höfuðborgarsvæðið séu höfð að leiðarljósi við skipulagsvinnu í Hafnarfirði.

Tillaga Viðreisnar við gerð fjárhagsáætlunar

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2023 lagði fulltrúi Viðreisnar til að fé yrði forgangsraðað til að straumlínulaga og einfalda vinnu hjá umhverfis- og skipulagssviði með það að markmiði að stytta afgreiðslutíma erinda sem þangað berast.

Tillaga þessi fékk ekki hljómgrunn hjá meirihlutanum. Nú hefur komið berlega í ljós að brýn þörf er á að setja af stað markvissa vinnu við úttekt og úrbætur á sviðinu.

Tilhögun og umfang úttektar

Það er mikilvægt að óháður aðili taki út verkferla og vinnulag með það fyrir augum að auka fagmennsku og bæta skilvirkni. Telja verður vænlegast til árangurs að fá til verksins fagaðila sem hefur sérþekkingu á úttektum sem þessum. „Aðkoma óháðs fagaðila stuðlar einnig að meira trausti á verkefninu.

Meðal þeirra þátta sem vert er að skoða eru:

- Mönnun, aðföng, starfsaðstæður,
- Verkferlar
- Gæðaeftirlit
- Hvernig best verði gætt að heildaryfirsýn og samhengi verkefna.

Þessi upptalning er ekki tæmandi.

Mikilvægt er að hefjast handa við verkefnið sem allra fyrst með það fyrir augum að hefja megi innleiðingu umbótaverkefna fyrir árslok.